



Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Ísland

€ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 6. desember 2005

Tilvisun: UST20051100115/bs

Borun rannsóknarholu í grennd við niður- rensslissvæði Hellisheiðarvirkjunar. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. nóvember 2005 þar sem óskað er álits Umhverfisstofnunar á matsskyldu ofangreindrar framkvæmdar.

Orkuveita Reykjavíkur fyrirhugar að bora rannsóknarholu í nágrenni við niðurrennslissvæði Hellisheiðarvirkjunar eða á svæði sem afmarkast af Suðurlandsvegi, Hverdalabrekku og hraunkanti Kristnitökuhrauns.

Fulltrúar Umhverfisstofnunar skoðuðu aðstæður á vettvangi 21. október sl. og töldu eins og fram kemur í skýrslu VGK að besta aðkoma að fyrirhuguðu borsvæði væri eftir aflögðum kafla Suðurlandsvegar, þaðan í syðri vegfláa Suðurlandsvegar og til norðurs eftir ruddri slóð við hraunjaðar að fyrirhuguðu borsvæði vestan Hveradalabrekku. Fyrnefnd slóð hefur verið rudd í gegnum hraun, sem er jarðmyndun sem njóta skal verndar skv. 37. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd. Hrauninu hefur þegar verið raskað á þessu svæði og þykir Umhverfisstofnun því æskilegt að fara þessa leið að fyrirhuguðu borsvæði. Stofnunin telur að ekki eigi að breikka slóðina frekar og að styrkja eigi hana eins lítið og kostur er þannig að vegurinn verði eins litt áberandi og kostur er.

Umhverfisstofnun gerir hvorki athugasemdir við staðsetningu borsvæðis né aðkomu að því og telur ekki líklegt að sú framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.


Umhverfisstofnun vill hinsvegar gera athugasemd við upplýsingar um fyrirhugað niðurrennslissvæði sem fram koma á bls. 2 í skýrslu VGK, en þar segir m.a.: "Strax og tilraunir með niðurrennslí i jarðhitakerfið hefjast á fyrstu árum vinnslu fer að aukast sá hluti affallsvatns sem losaður er aftur inn í jarðhitakerfið, og einhverjum árum seinna má búast við að öllu affallsvatni verði skilað aftur til síns heima."


Í úrskurði Skipulagsstofnunar frá 18. febrúar 2004 kemur fram á bls. 6 að Orkuveita Reykjavíkur hafi lýst því yfir að affallsvatn verði losað frá upphafi framkvæmda niður í 800-1000 m djúpar borholur. Á sömu bls. kemur fram að skv. yfirlýsingu Orkuveitu Reykjavíkur sé tekið frá afmarkað svæði ef til þess komi að af einhverjum ástæðum reynist nauðsynlegt að hætta um tíma losun affallsvatns í borholur og þá verði affallsvatn leitt í grunnar svelgholur í allt að 3 mánuði.



Umhverfisstofnun ítrekar fyrra álit, sbr. umsögn stofnunarinnar dags. 23. janúar 2004 um að losun affallsvatns á yfirborð sé óásættanlegt og fer fram á skýringar á þeim fyrirætlunum Orkuveitu Reykjavíkur varðandi losun affallsvatns sem fram koma í skyrslu VGK, þar sem þær eru í ósamræmi við úrskurð um mat á umhverfisáhrifum virkjunar á Hellisheiði.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson


Helgi Jónasson
Forstöðumaður